

**627. fundur haldinn mánudaginn 19. mars 2001 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Stefán Sigurðsson, fulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Styrkir til úrbóta á fjölsóttum ferðamanastöðum.

Lögð var fram tillaga umhverfisfulltrúa um úthlutun styrkja í framhaldi af umsóknum. Fundarmenn höfðu nokkrar athugasemdir við tillöguna.

Afgreiðsla: Samþykkt að Steinn Lárusson og Pétur Rafnsson færu yfir tillöguna og gerðu breytingar í samræmi við umræður á fundinum.

3. Bréf Flugleiða

Lagt fram bréf Flugleiða þar sem þeir segja upp samstarfssamningi Ferðamálaráðs og Flugleiða á skrifstofum ráðsins í London, Kaupmannahöfn, Osló og Stokholmi með sex mánaða fyrirvara frá og með 1. mars 2001.

Afgreiðsla: Leitað hefur verið eftir að á fjárlögum ársins 2002 verði gert ráð fyrir að hægt verði að hafa eigin starfsemi í Kaupmannahöfn og London. Umræður um frekara fyrirkomulag verði á næsta fundi ráðsins.

4. Staða talningarmála í Leifsstöð

Nokkrar umræður urðu um þá ákvörðun sýslumanns á Keflavíkurflugvelli að hætta talningu erlendra ferðamanna um sl. áramót. Málið er til umræðu í Markaðsráði, SAF og Ferðamálaráði.

5. Málefni Upplýsingamiðstöðvar ferðamála.

Lagt var fram svar UMFR við bréfi Ferðamálaráðs frá 27. janúar 2001. Í því kemur fram að halli á rekstri UMFR á árinu 2000 varð rúmar 4 milljónir króna og að skammtímaskuldir 15. jan. 2001 voru rúmar 10 milljónir króna.

Afgreiðsla: Samþykkt var að gera samgönguráðherra grein fyrir vandanum og óska eftir fjárveitingu á fjáráukalögum til að Ferðamálaráð gæti greitt sinn hluta af uppsöfnuðu tapi UMFR.

6. Önnur mál.

a) Lagt fram bréf frá SAF þar sem bent er á mikilvægi þess að flokkaðir gististaðir verði kynntir sérstaklega í öllu kynningarefni og á upplýsingamiðstöðvum.

Afgreiðsla: Samþykkt að leggja áherslu á kynningu þessara aðila eftir því sem mögulegt er.

b) Pétur Rafnsson spurðist fyrir um hvort Ferðamálaráð myndi styrkja sýninguna Handverk og ferðabjónusta eins og gert var árið 2000.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita allt að kr. 250.000 til verkefnisins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:15